

Alþingi
Erindi nr. P 132/190
komudagur 28.11.2005



NEYTENDASAMTÖKIN

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensín-
gjald og olfugjald (tímabundin lækkun gjalds), 30. mál.**

Þann 15. ágúst sl. sendu Neytendasamtökin fjármálaráðherra bréf þar sem tekið var undir áskorun Félags íslenskra bifreiðaeigenda um að stjórnvöld lækki álögur sínar á bensíni og olíu tímabundið á meðan heimsmarkaðsverð á þessum vörum er jafn hátt og raun ber vitni. Vissulega hefur heimsmarkaðsverð að undanfögnu lækkað, en samt er það enn mjög hátt. Ljóst er að ríkissjóður hefur hagnast verulega á þessu háa verði umfram áætlanir með auknum tekjum af virðisaukaskatti. Einnig minna Neytendasamtökin á að stjórnvöld hafa áður gripið til þess ráðs að lækka tímabundið opinberar álögur á þessar vörur í tengslum við svokölluð "rauð strik". Einnig að gjöld á þessar vörur eru hér á landi með þeim hæstu í heimi.

Neytendasamtökin mæla því með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður